

Vélatrygging (Vélbrotatrygg)

Staðlað upplýsingarblað um váttryggingu



Vörður tryggingar hf Borgartúni 25, Reykjavík

Skilmáli E-19

Upplýsingaskjal þetta tilgreinir einungis helstu atriði tryggingarinnar, s.s. hvað er innifalið og hvað ekki. Ekki er um að ræða tæmandi upptalningu né persónulegt yfirlit yfir tryggingar sem viðskiptavinir velja. Upplýsingaskjalið hefur ekki lagalega þýðingu og gegnir eingöngu þeim tilgangi að upplýsa viðskiptavini um helstu þætti tryggingarinnar. Tryggingayfirlit og nákvæmar upplýsingar um samningsskilmála sem gilda eru aðgengilegar á váttryggingarskírteini tryggingarinnar sem hægt er að nálgast á Mínum síðum Varðar. Skilmálar tryggingarinnar hafa að geyma tæmandi upplýsingar um váttryggingarverndina og eru hluti af samningi aðila ásamt váttryggingarskírteini.

HVERNIG TRYGGING ER VÉLATRYGGING (VÉLBROTATRYGG)?

Vélatrygging (vélbrotatrygging) tekur til tjóna sem geta orðið á vélum og búnaði vegna skyndilegra og ófyrirsjáanlegra bilana. Vélar, og búnaður, sem tilgreindar eru í váttryggingarbeiðni eru tryggðar.



HVAÐ BÆTIR TRYGGINGIN?

- ✓ Tjón vegna tilfallandi vinnsluóhappa, svo sem að vél eða búnaður er vanstillt, að hlífðarbúnaður bili eða reynist gallaður, að hlutir losni eða að aðskotahlutir komist í vélina.
- ✓ Tjón þegar hlutir bresta vegna miðflóttakrafts.
- ✓ Tjón vegna vatnsskorts í gufukötlum eða þrýstikerum.
- ✓ Tjón vegna yfir- eða undirþrýstings.
- ✓ Tjón vegna skammhlaups, of hárrar rafspennu eða of mikils rafstraums.
- ✓ Tjón sem rekja má til veikleika eða galla í hönnun, efnis eða smíði og rangrar uppsetningar.
- ✓ Tjón vegna rangrar notkunar, kunnáttuleysis, vanrækslu eða ásetnings starfsmanna, með fyrirvara um gáleysis og/eða ásetningsverknað.
- ✓ Tjón vegna storms.
- ✓ Óhöpp.



HVAÐ BÆTIR TRYGGINGIN EKKI?

- ✗ Tjón er stafa af ryðmyndun, tæringu, rýrnun eða slits og á hvers konar vélarhlutum af völdum eðlilegrar notkunar eða annarra samfelldra áhrifa frá efnum eða andrúmslofti, óæskilegri uppsöfnun ryðs, leðju, ketilsteins eða annarra útfellinga.
- ✗ Tjón er stafa af bilun vegna prófunar, vegna of mikils álags, af ásettu ráði, eða vegna tilrauna, sem fela í sér óeðlileg vinnsluskilyrði fyrir vélina.
- ✗ Tjón af völdum eldsvoða, sprengingu, eldingu, hvort sem tjónið er beint eða óbeint slökkvistarfi.
- ✗ Tjón eða skemmdir af völdum þjófnaðar eða innbrota.
- ✗ Tjón eða skemmdir vegna ásetnings eða stórkostlegs gáleysis váttryggðs eða starfsmanna í ábyrgðarstöðu hjá honum, svo sem framkvæmdastjóra, verksmiðjustjóra, verkstjóra og vaktformanna, á því sviði sem váttrygging tekur til.

- ✗ Hvers konar veikleika eða galla sem voru fyrir hendi við gildistöku tryggingarinnar og váttryggingartaka, hinum váttryggða eða stjórnendum þeirra, var kunnugt um eða mátti vera kunnugt um.
- ✗ Tjón sem stafa af orsökum sem framleiðandi eða seljandi hinna váttryggðu hluta ber ábyrgð á samkvæmt lögum eða gerðum samningi.
- ✗ Óbein eða afleidd tjón og skaðabótakröfu frá þriðja aðila.
- ✗ Tjón á hvers konar tækjum sem ætlast er til að skipt sé um reglulega, svo sem borum, mulningstækjum, steypumótum, hnífum, sagarblöðum og slípisteinum.



ERU EINHVERJAR TAKMARKANIR EÐA VARÚÐARREGLUR?

- Váttryggðum ber að fylgja varúðarreglum Varðar.
- Váttryggðum ber að sjá um að umbúnaður á váttryggingarstað sé í fyllsta samræmi við reglur í gildandi lögum og reglugerðum á hverjum tíma, eftir því sem við á. Váttryggðum ber að fara eftir fyrirmælum eða athugasemdum frá opinberum eftirlitsstofnunum svo sem Brunamálastofnun og Löggildingarstofu.
- Váttryggður skal gera allt sem eðlilegt getur talist til að halda hinum váttryggðu hlutum í góðu lagi, og sjá svo um að þeir verði ekki af ásettu ráði, eða af vana keyrðir með yfirálagi. Váttryggður skal í einu og öllu fylgja leiðbeiningum framleiðanda hinna váttryggðu véla eða búnaðar varðandi notkun þeirra, eftirlit með þeim og viðhald, svo og lögum og reglugerðum ríkis og sveitarfélaga og öðrum bindandi reglum sem í gildi eru varðandi notkun þeirra og viðhald.
- Sé tiltekin eða ákveðin notkun eða starfsemi á hinu váttryggða skráð á skírteini, og notkun eða starfsemi breytist, ber váttryggðum eða þeim sem njóta réttar samkvæmt váttryggingunni að tilkynna félaginu um það án tafar.



HVAR GILDIR TRYGGINGIN?

Tryggingin gildir um hina váttryggðu hluti á meðan þeir eru á þeim váttryggingarstað sem tilgreindur er í váttryggingarbeiðninni.



HVERJAR ERU SKYLDUR ÞESS TRYGGÐA?

- Veita allar nauðsynlegar upplýsingar, hvort sem er við endurnýjun, breytingar á tryggingunni eða við tónstilkynningu.
- Tilkynna um tjón við fyrsta hentugleika og eigi síðar en innan árs frá tjónsatburði.
- Veita Verði heimild til að skoða hið vátryggða og umbúnað þess þegar félagið óskar þess.



HVENÆR OG HVERNIG ER GREITT FYRIR TRYGGINGUNA?

Iðgjöld tryggingarinnar ber að greiða á gjalddaga. Vörður sendir kröfur mánaðarlega í heimabanka eða árlega ef óskað er eftir því að greiða iðgjöld í einu lagi. Hægt er að breyta greiðslumáta á Mínum síðum Varðar. Þar er einnig hægt að velja að greiða iðgjöld með kreditkorti.



HVENÆR HEFST VÁTRYGGINGARVERNDIN OG HVENÆR LÝKUR HENNI?

Vátryggingarsamningar gilda almennt í 12 mánuði frá samþykkt tilboðs og útgáfu tryggingar og miðast iðgjöld við ársiðgjald. Sé tryggingu ekki sagt upp á því tímabili framlengist hún sjálfkrafa.



HVERNIG ER TRYGGINGUNNI SAGT UPP?

Viðskiptavinir geta sagt tryggingunni upp hvenær sem er á vátryggingartímabilinu